

Alþingi  
Erindi nr. P 137/535  
Komudagur 7.7.2009

# AUÐLIND

## NÁTTÚRUSJÓÐUR

Umhverfisnefnd Alþingis,  
Nefndasviði Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4.júlí 2009

### Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 18.mál, 137.löggjafarþing 2009

#### Almennt um stöðu Íslands og loftslagsbreytingar

Íslendingar fengu ein fárra þeirra þjóða sem standa að Kyotobókuninni, undanþágu og heimild til að auka losun gróðurhúsalofttegunda um 10% á tímabilinu 2008-2012 miðað við útstreymi ársins 1990.

Frá því Kytoto samningurinn var undirritaður hefur orðið ljóst að loftslagsvandinn er mun alvarlegri en þá var talið og því nauðsynlegt að ákveða enn áhrifameiri aðgerðir nú en þá. Sem dæmi má nefna að Evrópusambandsríkin hyggjast minnka losun um 20% miðað við árið 1990 og ef metnaðarfullt hnattrænt samkomulag næst í Kaupmannahöfn í desember, hyggst Evrópusambandið auka samdráttinn um 30%.

Evrópusambandsríkin ætla því að auka samdrátt sinn úr 8%, sem samið var um í Kyoto, í 20-30%. Gera má því ráð fyrir kröfur um að öll ríki taki á sig auknar skuldbindingar verði mjög ákveðnar við samningsgerðina. Samningaviðræðurnar eru því kjörinn vettvangur fyrir Íslendinga að sýna ábyrgð á alþjóðavettvangi og taka þátt í verkefni sem varðar afkomu núverandi og komandi kynslóða.

#### Um þingsályktunartillögu: þskj. 18, á 137.löggjafarþingi 2009 og viðbrögð við henni

Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögunna~~t~~ eru forsendur hennar eftirfarandi:

- 1) Árið 1990 var lokið stórum áföngum við hitaveituvæðingu landsins, sem hafði á landsvisu umtalsverð áhrif á notkun jarðefnaeldsneytis til húshitunar.
- 2) Lítil hagkerfi hafi minni sveigjanleika en þau stærri til að bregðast við auknum kröfum um samdrátt útstreymis.

- 3) Einstök verkefni hafa veruleg áhrif á útstreymi smárra ríkja og getur því eitt nýtt fyrirtæki hlutfallslega haft mikil áhrif.
- 4) Ríki hafa óskoraðan rétt yfir auðlindum sínum.
- 5) Á Íslandi er gnægð endurnýjanlegra orkulinda og nýting þeirra beinlínis hagfelld fyrir heimin með tilliti til útblásturs.


Ef litið er á niðurstöður sérfræðinganefndar sem umhverfisráðherra skipaði á vordögum 2007, en skýrsla þeirra var nýlega gefin út, kom fram að útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2007 var um 32% meira en árið 1990.

Samkvæmt skýrslunni jókst útstreymi frá járnblendiframleiðslu um 91% og álframleiðslu um 72%. Ef tekið er tillit til stækkunar álversins í Straumsvík og byggingar álvers í Helguvík gæti heildarútstreymi ársins 2020 orðið 76% meira en árið 1990. Ekki er auðsýnilegt hvernig Íslendingar ætla að standast skuldbindingarnar sem samið var um í Kyoto, um einungis 10% aukningu á útblæstri. Í ljósi þessa er ekki mjög trúverðugt fyrir þjóð sem vill ávinna sér traust í alþjóðlegu samfélagi, að sækja um enn frekari heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.

Í skýrslu fyrrnefndar sérfræðinganefndar kemur einnig fram, að rafmagnseyðsla á hvern íbúa landsins sé sú mesta sem um getur í heiminum og jafnframt að heildarútblastur gróðurhúsalofttegunda á mann sé með því mesta sem gerist í heiminum. Íslendingar eru þar í níunda sæti, á lista 27 þróaðra ríkja. Meðalútstreymi á hvern íbúa landsins var 14,1 tonn árið 2006 og var Finnland, eitt Norðurlanda, með hærra gildi, eða 14,3 tonn á íbúa. Sérstaða Íslands með tilliti til loftslagsmála er því varla slík, að hún réttlæti áframhaldandi kröfur um aukinn útblástur.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að Ísland eigi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 15% til 2020 miðað við árið 1990. Telja verður að samþykkt ríkisstjórnarinnar geti haft veruleg áhrif á alþjóðlegan mælikvarða auk þess sem samþykktin sýnir að Íslendingar taka ábyrga afstöðu gagnvart alvarlegum umhverfisvanda. Því er að lokum við að bæta, að Íslendingar hafa mikla möguleika til að ná árangri í orkusparnaði, sem bæði gæti byggt upp traust á Íslendingum og skapað öðrum þjóðum gott fordæmi.

Fh. Auðlindar-Náttúrusjóðs,



Salvör Jónsdóttir,  
formaður